



Akraneskaupstaður og Verkalýðsfélag Akraness (hér eftir samningsaðilar) gera með sér svohljóðandi samkomulag:

1. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að þeir starfsmenn Akraneskaupstaðar sem eru félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness njóti sömu kjara vegna tímabilsins **1. maí 2015 til 31. desember 2015** og samið var um milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og eftirtaldra stéttarfélaga og heildarsamtaka:

Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi,
Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum,
FOSS stéttarfélags í Almannapjónustu,
Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu,
Starfsmannafélags Fjallabyggðar,
Starfsmannafélags Fjarðabyggðar,
Starfsmannafélags Kópavogsbæjar,
Starfsmannafélags Húsavíkur,
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar,
Starfsmannafélags Suðurnesja,
Starfsmannafélags Vestmannaeyja,
Starfsmannafélags Hafnarfjarðar

og

Starfsgreinasambandsins

í kjarasamningum sem undirritaðir voru milli aðila 20. nóvember 2015 og gilda frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019.

Persónuuppbót/desemberuppbót á árinu 2015 er kr. 100.700.

2. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að sérákvæði sbr. fylgiskjal með kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015, haldi gildi sínu á tímabilinu 1. maí 2015 til 31. desember 2015, að undanskildu ákvæði vegna ófaglærðs starfsfólks á leikskólum.

Þ
RA'



Akraneskaupstaður

Ófaglært starfsfólk á leikskólum skal áfram fá persónuálag sem nemur tveimur stigum umfram starfsmat til 31. desember 2017 og halda því meðan á ráðningu stendur. Nýir ófaglærðir starfsmenn á leikskólum frá 1. janúar 2018 hljóta launaröðun samkvæmt starfsmati.

Sérákvæði í samræmi við viðauka 8 við kjarasamning LN og St.AK frá 1. febrúar 2001 gildir einnig um starfsmenn Akraneskaupstaðar sem eru félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness og starfa á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða.

3. gr.

Forsenda samkomulags þessa er að skrifað hafi verið undir nýjan kjarasamning á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness.

4. gr.

Samningsaðilar útfæra nánar framkvæmd samkomulagsins að uppfylltri forsendu samkvæmt 2. gr.

Með fyrirvara um samþykki bæjarráðs
Akraneskaupstaðar

Með fyrirvara um samþykki félags-
manna Verkalýðsfélags Akraness


Akranesi, 5. febrúar 2016

F.h. Akraneskaupstaðar

F.h. Verkalýðsfélags Akraness


Regína Ásvaldsdóttir,

bæjarstjóri



Vilhjálmur Birgisson,
formaður